



Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **METÝLÍSÓBÚTÝLKETON (4-methylpentan-2-one)**

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
108-10-1	203-550-1	Metýlísóbútýlketon	-	Xn, F H11-20-36/37-66

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Mjög eldfimt. Hættulegt við innöndun. Ertir augu og húð. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.



4. Skyndihjálp.

Almennt: Eitrunareinkenni geta komið fram mörgum tímum eftir snertingu við efnið. Slasaði þarf því að vera undir lækisefirliti í a.m.k. 48 klst. eftir slys.

Við innöndun: Flytjið slasaða í ferskt loft. Látið hann hvílast og haldið á honum hita. Ef slasaði á erfitt með öndun, gefið súrefni eða veitið öndunarhjálp. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstillingu og tryggja að öndunarvegir séu opnir.

Snerting við húð: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og skolið húðina með miklu vatni.

Snerting við augu: Skolið vandlega með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.

Við inntöku: Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.

Upplýsingar f. lækna: -

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Notið viðeigandi öndunartæki við slökkvistörf. Heppileg slökkviefni eru kolsýra, duft eða vatnsúði. Notið vatnsúða eða alkóhólþolna froðu á stærri elda. Notið ekki háþrýstivatnssprautu.

Sérstök hættu: -

6. Efnaleki.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Varist leka í kjallara eða önnur lágt liggjandi rými. Látið efnið ekki berast í niðurföll, vatnsfarvegi eða grunnvatn. Ef efnið kemst í niðurföll, vatnsfarvegi eða grunnvatn þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita. Notið sand, jarðveg, sag eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. Forðist snertingu við augu og húð.

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum á þurrum og köldum stað.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.

Mengunarmörk: Metýlísóbútýlketon: (MG) 25 ppm 100 mg/m³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Þar sem mengun er lítil eða unnið er með efnið í stuttan tíma er nægilegt að nota öndunargrímu með viðeigandi síu. Notið ferskloftstæki ef unnið er með efnið í lengri tíma eða ef hætta er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Vel lokuð öryggisgleraugu.

Fyrir hendur: -

Fyrir húð: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoið áður en þau eru notuð aftur.

Hreinlæti við vinnu: Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi /litlaus / mild

Sýrustig (pH): -

Bræðslumark: - 83°C

Suðumark: 114 - 117°C

Blossamark: 14°C IP170

Hætta á sjálfíkveikju: -

Íkveikimörk: 460°C

Sprengimörk; neðri - efri: 1,3 - 8% vol. Efnið er ekki sprengifimt en getur myndað sprengifimar gufur með andrúmslofti.

Eldnærandi eiginleikar: -

Gufuþrýstingur: 8 hPa við 20°C

Gufuþéttni: -

Seigja: 0,59 mPa s við 20°C

Eðlisþyngd: 0,8 g/sm³ við 20°C

Leysni: Í vatni; 19 g/l við 20°C

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	-
<i>Efni sem skal varast:</i>	Oxunarmiðlar.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	Engin þekkt.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar.

<i>Almennt:</i>	-	
<i>Við innöndun:</i>	Hættulegt. Ertandi.	
<i>Snerting við húð:</i>	-	
<i>Snerting við augu:</i>	Ertandi.	
<i>Við inntöku:</i>	-	
<i>Bráð eiturhrif:</i>	LD50 (inntaka, rottur):	2100 mg/kg
	LD50 (húð, kanínur):	16000 mg/kg
	LC50 (innöndun, rottur):	8,3 - 16-6 mg/l/4 klst.
<i>Langtímaáhrif:</i>	Ekki talið valda ofnæmi.	

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Almennt:</i>	Látið efnið ekki berast óþynnt eða í miklu magni í niðurföll, vatnsfarvegi eða grunnvatn.
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	-
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	EC50 (vatnalús): > 100 mg/l/ LC50 (vatnalús): > 1000 mg/l/ LC50 (fathead minnows): > 100 mg/l/
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 3	UN-nr.: 1245	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis: METHYL ISOBUTYL KETON		
	Varúðarmerki: 3	Hættunr.: 33	Pökkunarflokkur: II
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 3	UN-nr.: 1245	Pökkunarflokkur: II
	Ems: 3-07	MFAG:	
	Nafn efnis: METHYL ISOBUTYL KETON		
	Varúðarmerki: 3		Sjávarmengandi:
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 3	UN-nr.: 1245	Pökkunarflokkur: II
	Nafn efnis: METHYL ISOBUTYL KETON		
	Varúðarmerki: 3		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: XN, F

HÆTTULEGT
HEILSU

MJÖG
ELDFIMT

Inniheldur: Metýlísóbútýlketon

EB-nr.: 203-550-1

H - setningar: H20 Hættulegt við innöndun.
H36/37 Ertir augu og öndunarfæri.
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

V - setningar: V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
V29 Má ekki losa í niðurfall.
V9 Geymist á vel loftræstum stað.
(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

EB-merkimiði.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 20-11-02

Dagsetning frumrits: 21-10-02

Breytt þann: - Breyttir liðir: -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H11 Mjög eldfimt.
H20 Hættulegt við innöndun.
H36/37 Ertir augu og öndunarfæri.
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar en fela ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá EPENHUYSEN CHEMIE N.V., 3336 LH Zwijndrecht, Holland.